

6. gr.

Allt fé sjóðsins skal ávaxtað í útibúi Landsbanka Íslands, Húsavík, og skal útibúið annast reikningsfærslu fyrir sjóðinn, eftir fyrirmælum sjóðsstjórnar, enda náist samkomulag þar um.

7. gr.

Endurskoðendur sjóðsins skulu kosnir þannig: Bæjarstjórn Húsavíkur kýs einn mann og sýslunefnd Suður-Þingeyjarsýslu einn mann. Skulu þeir kosnir af hverri nýkjörinni bæjarstjórn og sýslunefnd og skal kosning þeirra gilda jafn lengi og viðkomandi bæjarstjórn og sýslunefnd situr. Reikningar sjóðsins skulu sendir árlega til eftirlitsmanns opinberra sjóða.

8. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Þannig samþykkt á fundi stofnfjäreigenda Sparisjóðs Húsavíkur hinn 24. nóvember 1965.

GJALDSKRÁ OG REGLUR

fyrir Landssímann.

I. KAFLI

Gjaldskrá fyrir talsímanotendur í sambandi við handvirkar stöðvar,
sbr. þó III. kafla um notendasíma í sveitum.

A. Stofngjald.

1. Fyrir 1 línu með 1 venjulegu talfæri	kr. 4000.00
2. — hvert venjulegt aukatalfæri í sömu íbúð	— 1200.00
3. — aukabjöllu (venjulega)	— 500.00
4. — tengil (með rafvökum)	— 450.00

Stofngjöld fyrir miðstöðvarborð verða ákveðin af póst- og símamálastjórninni í hvert skipti eftir gerð borðanna og stærð. Svo er og um önnur tæki og aðrar gerðir símabúnaðar en hinar venjulegu, sem að framan greinir.

Ofanefnd gjöld eru lágmarksgjöld. Ef nýlagnir krefjast tiltölulega mikils kostnaðar að dómi póst- og símamálastjórnarinnar, svo sem nýrra staura, nýrra jarðsíma, nýs skiptiborðs eða vegna rúmleysis á stauraröðum eða í stöðvarskiptiborðum, verða gjöldin ákveðin af póst- og símamálastjórninni í hvert skipti.

Stofngjöld greiðist fyrirfram, að jafnaði helmingur, þegar símapöntun hefur verið tekin til greina og undirbúningsframkvæmdir eru hafnar, og afgangurinn þegar síminn er tengdur í samband, og er miðað við þá gjaldskrá, er þá gildir.

Ofanskráð stofngjöld fyrir aukatalfæri og annan aukabúnað gilda aðeins, þegar sami maður eða fyrirtæki hefur búnaðinn.

B. Afnotagjöld á ársfjórðungi (í kr.)**I. Fyrir hverja símalínu með venjulegu talfæri.**

Stöðvar Afgreiðslutími símtala á virkum dögum	Sérlína	2—3 notendur á sömu línu	Yfir 3 notendur á sömu línu
2 std.	350	280	210
4 —	470	380	280
6 —	530	420	320
8 —	590	470	350
10 —	640	500	380
12 —	660	520	400
14 —	680	540	430
16 —	700	570	450
24 —	750	590	470

Ef afgreiðslutími stöðvar er lengdur frá því, sem að framan getur, bætast við ársfjórðungsgjaldið fyrir hverja ½ klukkustund til viðbótar, upphæð sem svarar fjórðungi af mismun milli flokka, fyrir sérlínu, en hlutfallslega lægra, ef fleiri eru á línu.

II. Fyrir aukabúnað.

1. Fyrir hvert venjulegt aukatalfæri í sömu íbúð kr. 180.00
2. — — — — annars staðar í sama húsi — 240.00
3. — — — — í öðru húsi verður ákveðið í hverju tilfelli með hliðsjón af línulengd og kostnaði.
4. — hverja venjulega aukabjöllu í sama húsi — 30.00
5. — hvern tengil (með rafvökum) — 40.00

Afnotagjöld þau, sem talin eru í 2., 3., 4. og 5. lið hér að framan, gilda því aðeins, að sami maður eða sama fyrirtæki hafi öll áhöldin.

III. Almenn ákvæði.

Ofanefnd afnotagjöld fyrir 1 línu með 1 talfæri og fyrir aukatalfæri hækka um 45% hjá hvers konar atvinnu- og verzlunarfyrirtækjum og hjá einstökum atvinnurekendum og öðrum mönnum, sem að áliti símstjóra nota símann sérstaklega mikið. Þessi hækkun gildir þó ekki á stöðvum með afgreiðslutíma undir 10 klst. á virkum degi.

Afnotagjald fyrir talsíma greiðist fyrirfram fyrir einn ársfjórðung í senn, og eru gjalddagar 1. virkan dag í janúar, apríl, júlí og október. Þegar um nýtt samband er að ræða fer hæð gjaldsins í fyrsta sinn eftir því, hve langur tími er eftir af ársfjórðungi þeim, sem stendur yfir, þegar símasambandið er opnað, og telst þá hluti úr mánuði sem heill mánuður.

Afnotagjald reiknast af símanum frá þeim tíma er landssíminn er reiðubúinn að tengja hann við, þótt notandinn af einhverjum ástæðum vilji ekki taka við honum strax.

Afnotagjöld fyrir miðstöðvarborð og tilheyrandi lagnir, svo og annan símabúnað en að framan greinir, eru ákveðin af póst- og símamálastjórninni hverju sinni.

C. Gjald fyrir flutning á venjulegum talsímataekjum.

- | | |
|--|-------------|
| 1. Milli húsa við sömu sírstöð, fyrir hvert talfæri með línu | kr. 2000.00 |
| 2. Innanhúss, á aðaltalfæri, aukatalfæri, aukabjöllu eða tengli: | |
| a. Í sömu íbúð eða innan 20 m fjarl. á sömu hæð | — 400.00 |
| b. Annars staðar í sama húsi | — 700.00 |
| 3. Frá húsi á svæði annarrar sírstöðvar | — 3000.00 |

Ófannefnd gjöld, sem nefnd eru undir B og C, eru lágmarksgjöld. Ef nýlagnir krefjast tiltölulega mikils kostnaðar að dómi póst- og símamálastjórnarinnar, svo sem nýrra staura, nýrra jarðsima, nýs skiptiborðs eða vegna rúmleysis á stauraröðum eða í stöðvarskiptiborðum, verða gjöldin ákveðin af póst- og símamálastjórninni í hvert skipti.

Flutningsgjöld greiðist fyrir fram áður en verkið er hafið.

Sé sími fluttur á sama ári og hann er settur upp, eða oftast en einu sinni á sama ári, og aðeins er um nýja innanhúslögn að ræða og ekki neinn óvenjulegan kostnað, má lækka flutningsgjaldið (milli húsa) niður í allt að kr. 1400.00.

D. Viðtökugjald.

Flytji einhver í hús og taki samtímis við síma af öðrum manni, sem hættir að vera símnotandi, og án breytinga á símalögn, greiðist sama gjald og fyrir flutning milli húsa, þó hvorki af tengli né aukabjöllu.

Viðtökugjald lækkar ofan í kr. 400.00 af heimilissíma, þegar barn eða tengdabarn tekur við símanum af foreldri og gagnkvæmt. Sama gildir um systkini.

Viðtöku- og flutningsgjald fyrir miðstöðvarborð og önnur áhöld, sem ekki eru nefnd hér að framan, verður ákveðið af póst- og símamálastjórninni í hvert skipti.

E. Tengigjald.

Fyrir hvert talsímaáahald á einkalínu, sem stendur í sambandi við landssíma-
stöð, greiðist tengigjald, sem nemur 60% af afnotagjaldi fyrir sérlínu frá sömu stöð.

F. Leigutími og uppsögn.

- Skemmsti leigutími talsímataekja er 12 mánuðir og telst frá byrjun næsta mánaðar frá þeim tíma, sem landssíminn er reiðubúinn að koma símasambandi á. Að skemmsta leigutíma liðnum má segja sambandinu upp um mánaðamót með minnst 1 mánaðar fyrirvara, og skal það gert skriflega.
- Þegar sérstaklega stendur á, svo sem þegar um bráðabirgðasíma er að ræða, má þó leigja not af síma e. þ. l. fyrir lægra gjald en venjulegt árlegt afnotagjald, og ákveðst gjaldið þá í hverju tilfalli af póst- og símamálastjórninni með tilliti til aðstæðna.

II. KAFLI

Gjaldskrá fyrir talsímanotendur í sambandi við sjálfvirkar stöðvar.

A. Stofngjald.

- | | |
|--|-------------|
| 1. Fyrir 1 línu með talfæri | kr. 5000.00 |
| 2. — 1 venjulegt aukatalfæri í sömu íbúð (ekki hægt að tala á milli) — | 1200.00 |
| 3. — 1 venjulegt aukatalfæri annars staðar í sama húsi með snara
(hægt að tala á milli) | — 1800.00 |
| 4. — venjulega aukabjöllu | — 500.00 |
| 5. — tengil | — 400.00 |

Stofngjöld fyrir aukatalfæri í öðrum húsum og fyrir miðstöðvarborð verða ákveðin af póst- og símamálasjórninni í hvert skipti. Svo er og um önnur tæki og aðrar gerðir símabúnaðar en að framan greinir með hliðsjón af línulengd og kostnaði.

Framangreind gjöld miðast við síma innan marka samfelldrar þéttrar byggðar út frá hlutaðeigandi símstöð, samkvæmt nánari ákvörðun póst- og símamálastjórnarinnar. Þó greiðist aukagjald þegar leggja á síma í hús, sem stendur meira en 50 metra frá aðalvegi, þar sem aðaljarðsímur liggja.

Utan þessara marka greiðist aukastofngjald af línuleiðinni frá nefndum mörkum og til hlutaðeigandi notanda. Nefnd aukagjöld eru ákveðin af póst- og símamálastjórninni í hvert skipti.

Hluti af stofngjaldi — að jafnaði helmingur — greiðist fyrir fram, þegar símapöntun hefur verið tekin til greina og undirbúningsfrankvæmdir eru hafnar, og afgangurinn þegar síminn er tengdur í samband, og er miðað við þá gjaldskrá, er þá gildir.

Þegar handvirkum síma er breytt í sjálfvirkan síma, má krefjast aukastofngjalds, sem svarar hálfum mismun á stofngjaldi við sjálfvirkan og handvirkan síma.

Ofanskráð stofngjöld fyrir aukatalfæri og annan aukabúnað gilda aðeins, þegar sami maður eða fyrirtæki hefur búnaðinn.

Þegar símnotandi segir upp síma frá einni símstöð og óskar samtímis eftir nýjum síma við aðra símstöð (afnotagjaldsgreiðsla falli ekki niður á tímabilinu), eða með öðrum orðum flytur til annarrar símstöðvar, getur póst- og símamálastjórnin lækkað stofngjald hans á nýja staðnum eftir aðstæðum, þó ekki niður fyrir venjulegt flutningsgjald þar.

B. Afnotagjald.

Afnotagjöldin greiðist ársfjórðungslega fyrir fram, og miðast þau að jafnaði við notkun símans næsta eða næstsíðasta ársfjórðung á undan.

Þó má þegar sérstaklega stendur á, vegna tilfærslu á greiðslumánuði ársfjórðungsgjalda, krefjast afnotagjalda 1—2 mánuði fram í tímann, þegar tilfærsla fer fram.

Afnotagjald reiknast af símanum frá þeim tíma er landssíminn er reiðubúinn að tengja hann við, þótt notandinn af einhverjum ástæðum vilji ekki taka við honum strax.

1. Ársfjórðungsgjöldin fara eftir útförnum símtalafjölda (teljaraskrefum) og eru:
 - a. Kr. 1.30 fyrir hvert teljaraskref á símtalateljara hlutaðeigandi símanúmers. Lágmarksgjald á ársfjórðungi kr. 750.00 en með samþykki ráðherra má þó lækka það á smástöðvum (undir 100 númerum).
 - b. Fyrir vörzlunar- og atvinnusíma greiðist aukalega kr. 300.00 á ársfjórðungi. Hjá notendum, sem hafa 2 eða fleiri línur í miðstöðvarborðsreit stöðvarinnar, er flokkunin miðuð við meðalsamtalafjölda á línunum. Þeir, sem hafa tvö eða fleiri samfelld númer í miðstöðvarborðsreit, en ekkert miðstöðvarborð, greiða aukagjald, sem póst- og símamálastjórnin ákveður.

Framangreind gjöld miðast við síma innan marka samfelldrar þéttrar byggðar út frá hlutaðeigandi símstöð, samkvæmt nánari ákvörðun póst- og símamálastjórnarinnar.

Utan þessara marka greiðist fjarlægðargjald af línuleiðinni frá nefndum mörkum og til hlutaðeigandi notanda.

Póst- og símamálastjórninni er heimilt að synja þeim um síma eða að loka símunum þeirra um stundarsakir eða að fullu, sem eftir athugun og að dómi hennar hafa verulega slæm áhrif á afgreiðslu sjálfvirku símstöðvarinnar, eða ef sími

þeirra er misnotaður svo sem með endurteknum gabbhringingum eða öðrum truflunum.

Sé lína einhvers notanda óhæfilega oft á tali að dómi póst- og símamálastjórnarinnar, getur stofnunin krafizt þess, að notandinn fallist á lagfæringar eða greiði aukagjald.

Notendur mega ekki selja eða leigja afnot af sínum þeim, er þeir hafa, án sérstaks leyfis frá póst- og símamálastjórninni, sem ákveður gjaldið.

2. Ársfjórðungsgjald.

Fyrir 1 venjulegt aukatalfæri í sömu íbúð (ekki hægt að tala á milli)	kr. 100.00
— 1 venjulegt aukatalfæri annars staðar í sama húsi með snara (hægt að tala á milli)	— 240.00
— 1 venjulegt aukatalfæri í öðru húsi innan 1 km fjarlægðar frá símstöð, en annars bætist línuleiga við skv. VIII kafla B	— 400.00
— 1 tengil	— 20.00
— venjulega aukabjöllu	— 25.00

3. Afnotagjöld fyrir þá notendur, sem hafa nú miðstöðvarborð, reiknast ársfjórðungslega þannig.

a. Línugjald frá símstöð til miðstöðvarborðs eftir samtalsfjölda samkvæmt ákvæðum í 1. lið.

b. Miðstöðvarborðsgjald fyrir hvert númer í borðinu:

kr. 80.00 fyrir handvirk borð (CB).

— 200.00 fyrir sjálfvirk borð (PABX).

Gjöld þessi eru miðuð við venjulega gerð miðstöðvarborða.

c. Talfæragjald: kr.210.00 fyrir hvert talfæri í sama húsi, annars bætast við línuleigur.

Afnotagjöld þau, sem talin eru í B. 1., 2. og 3. lið hér að framan, gilda því aðeins, að sami maður eða sama fyrirtæki hafi öll áhöldin.

4. Fyrir ný skiptiborð, önnur tæki, línur eða sérbúnað, en að framan greinir, verða afnotagjöldin ákveðin af póst- og símamálastjórninni í hvert skipti

C. Flutningsgjald.

1. Milli húsa á svæði sömu símstöðva, fyrir hvert venjulegt talfæri kr. 2500.00 (Flutningsgjald greiðist að fullu,, enda þótt sími sé fyrir í því húsi, sem flutt er í.)
2. Innanhúss, á aðaltalfæri, aukatalfæri, aukabjöllu eða tengli:
 - a. Milli herbergja í sömu íbúð eða innan 20 m fjarlægðar á sömu hæð — 400.00
 - b. Annars staðar í sama húsi
3. Frá húsi á svæði annarrar símstöðvar

Sé um óvenjulega kostnaðarsaman flutning að ræða, eða á öðrum áhöldum, sem ekki eru nefnd hér að framan, greiðist gjald, sem er ákveðið af póst- og símamálastjórninni.

Sé sími fluttur á sama ári og hann er settur upp, eða oftast en einu sinni á sama ári, innan svæðis sömu símstöðvar, og aðeins er um nýja innanhúslögn að ræða og ekki neinn óvenjulegan kostnað, má lækka flutningsgjaldið (milli húsa) niður í allt að kr. 1400.00, ef flutt er innan 6 mánaða, en í allt að kr. 1800.00 ef 6—12 mánuðir líða á milli.

D. Viðtökugjald.

Flytji einhver í hús og taki samtímis við síma af öðrum manni, sem hættir að vera simnotandi og án breytinga á símalögn, greiðist sama gjald og fyrir flutning milli húsa, þó hvorki af tengli né aukabjöllu.

Viðtökugjald lækkar ofan í kr. 400.00 af heimilissíma, þegar barn eða tengdabarn tekur við símanum af foreldri og gagnkvæmt. Sama gildir um systkini.

Viðtöku- og flutningsgjald fyrir miðstöðvarborð og önnur áhöld, sem ekki eru nefnd hér að framan, verður ákveðið af póst- og símamálastjórninni í hvert skipti.

E. Leigutími og uppsögn.

1. Skemmsti leigutími talsímatækja er 12 mánuðir og telst frá byrjun næsta mánaðar frá þeim tíma, sem landssíminn er reiðubúinn að koma símasambandi á. Að skemmsta leigutíma liðnum má segja sambandinu upp um mánaðamót með minnst 1 mánaðar fyrirvara, og skal það gert skriflega.
2. Þegar sérstaklega stendur á, svo sem þegar um bráðabirgðasíma er að ræða, má þó leigja afnot af síma e. þ. l. fyrir lægra gjald en venjulegt árlegt afnotagjald, og ákveðst gjaldið þá í hverju tilviki af póst- og símamálastjórninni með tilliti til aðstæðna.

III. KAFLI

Notendasímar landssímans í sveitum.

Um notendasíma landssímans á ábýlisjörðum í sveitum gilda eftirfarandi almennar reglur:

1. Stofngjald fyrir hvern handvirkan síma er kr. 2800.00. Sé um sérstaklega örðugar eða kostnaðarsamar lagnir að ræða, ákveðst stofngjaldið af póst- og símamálastjórninni í hvert skipti eða eftir samkomulagi.
2. Stofngjald fyrir sjálfvirka síma sama og í II. kafla A, en þó með 20% afslætti, ef 2—3 eru saman um línu, en 40% afslætti, ef þeir eru fleiri um línuna.
3. Landssíminn viðheldur og rekur símann, en símanotendur greiði til landssímans ársfjórðungslega sem hér segir:

a. Fyrir hvern handvirkan síma í sambandi við:

Stöðvar		
Afgreiðslutími		
á virkum dögum		
2	std.	kr. 170.00
4	—	— 220.00
6	—	— 270.00
8	—	— 310.00
10	—	— 330.00
12	—	— 340.00
14	—	— 360.00
16	—	— 380.00
24	—	— 400.00

b. Fyrir hvern sjálfvirkan síma greiðist sama gjald og um getur í II. kafla B.

4. Síminn fylgir jörðinni, og má ekki rifta því. Nýr ábúandi á jörðinni þarf ekkert viðtökugjald að greiða til landssímans.
5. Flutning á símanum, ef notandi óskar, greiði hann eftir reikningi. Þegar um flutning vegna nýbyggingar er að ræða, getur þó komið til mála, að landssíminn beri nokkurn hluta kostnaðarins.
6. Leggist jörð í eyði eða ef ábúandi vill ekki hafa símann, má taka hann burtu, línuna skal þó ekki taka niður á fyrsta ári, ef líkur benda til, að jörðin verði aftur byggð eða ábúendaskipti verði.
7. Við nýlagningu annist hlutaðeigendur á sinn kostnað flutning efnis frá skips- hlið á Eimskipafélagshöfn út á línustæðið, svo og dreifingu efnisins þar.

8. Símanotendur eru að sjálfsögðu háðir sömu reglum og venjum, sem almennt gilda um meðferð símatækja og starfrækslu notendasíma.
9. Landssíminn hefur að sjálfsögðu, hvenær sem er, heimild til að fjölga sínum út frá notendasímalínu eða í framhaldi af þeim.
10. Stofngjöld greiðist fyrir fram og eigi síðar en þegar síminn er tengdur í samband. Afnotagjald greiðist fyrirfram fyrir einn ársfjórðung í senn, og eru gjald dagar 1. virkan dag í janúar, apríl, júlí og október.

Þegar um nýtt gjald er að ræða, fer hæð gjaldsins í fyrsta sinn eftir því, hve langur tími er eftir af ársfjórðungnum, sem stendur yfir, þegar símasambandið er opnað, og telst þá hluti úr mánuði sem heill mánuður.

11. Undir ákvæði þessa kafla gjaldskrárinnar falla símar bænda í sveitum almennt, nema þeirra, sem búa í hverfum, þorpum eða kaптúnum eða í nágrenni þeirra og hafa síma á sérstakri línu eða fáir saman á línu; en um síma þeirra fer eftir ákvæðum I. eða II. kafla eftir því, sem við á, allt samkvæmt ákvörðun póst- og símamálastjórnarinnar. Þannig greiðist afnotagjald fyrir síma í sumarbústöðum, veiðiskálum, íþróttaskálum, héraðsskólum, gisti- og veitingastöðum, hjá iðnrekendum, atvinnurekendum eða verzlunum o. s. frv., samkvæmt I. eða II. kafla, en ekki samkvæmt þessum kafla. Um síma hjá öðrum aðilum eða stofnunum í sveit, eða þar sem sérstaklega stendur á, fer í hvert skipti eftir ákvörðun póst- og símamálastjórnarinnar eða eftir samkomulagi.

IV. KAFLI

Radíótæki.

A. Almenn ákvæði.

1. Hver sá, sem óskar að starfrækja radiótæki á landi, sjó eða í lofti, innan íslenzks lögsagnarumdæmis, skal senda póst- og símamálastjórninni skriflega umsókn um leyfi til þess, ásamt nauðsynlegum upplýsingum um tækin og tilgang notkunar. Þetta gildir þó ekki um viðtæki fyrir útvarp, sem er skráð hjá Ríkisútvarpinu. Verði slíkt leyfi veitt, er það gert með leyfisbréfi, þar sem tilgreind eru skilyrði fyrir leyfinu, leyfistími o. fl. Fyrir hvert leyfisbréf komi ákveðið gjald, samkvæmt IV. kafla A. 12., skal gjaldið greitt við afhendingu leyfisbréfs.
2. Póst- og símamálastjórnin sér um eftirlit með notkun sendistöðva og lætur skoða þær að jafnaði einu sinni á ári. Fyrir þetta greiðist árlegt eftirlitsgjald, samkvæmt IV. kafla A. 12. Ferðakostnað vegna eftirlits þessa ber leyfishafi.
3. Þegar framkvæma skal skoðun, skal viðkomandi stöðvarvörður sjá um, að nægilegt rafmagn sé fyrir hendi, svo prófa megi tækin. Enn fremur getur eftirlitsmaður krafizt þess, að stöðvarvörður sé viðstaddur skoðun og til aðstoðar eftirlitsmanni sé þess þörf, t. d. við skoðun lífbátasenda og þ. u. l. Sé stöðvarvörður eða fullgildur staðgengill, að dómi eftirlitsmanns, ekki viðlátinn, þrátt fyrir ósk eftirlitsmanns, er honum heimilt að taka sér aðstoðarmann og ber þá leyfishafi stöðvarinnar aukakostnað, er af því kann að leiða. Óski leyfishafi sendistöðvar aukaskoðunar, einhverra ástæðna vegna, ber honum að greiða fyrir framkvæmd hennar aukalega, í samræmi við IV. kafla A. 12.
4. Þeim, sem leyfi fær fyrir sendistöð, ber að sjá um, að enginn starfræki hana, nema sá, sem fengið hefur skirteini hjá póst- og símamálastjórninni, er heimili honum starfrækslu slíkrar stöðvar (skirteini loftskeytamanns eða talstöðvarvarðar). Stöðin er þó ávallt undir yfirumsjón leyfishafa eða fulltrúa hans og starfræksla hennar á ábyrgð þeirra.
5. Bæði stöðvarverði og leyfishafa eða fulltrúa hans er skylt að undirrita þagnarheit og haga starfrækslunni í einu og öllu samkvæmt fyrirmælum póst- og símamálastjórnarinnar og hlíta þeim ákvæðum og reglum, innlendum og alþjóðleg-

- um, sem settar eru og settar kunna að verða um starfrækslu slíkra stöðva. Verði misbrestur á þessu, getur póst- og símamálastjórnin afturkallað leyfisbréf stöðvarinnar, innsiglað hana eða, sé hún í leigu frá póst- og símamálastjórninni, tekið hana í sína vörslu.
6. Eftirlitsgjald og annar kostnaður, vegna tækjaskoðunar, greiðist í síðasta lagi einum mánuði eftir framvísun reiknings.
 7. Reikningar, vegna viðgerða, skulu greiddir innan loka næsta mánaðar, eftir að verkjð var framkvæmt.
 8. Gjöld fyrir símtöl, símskeyti og annað það, sem gjaldskytt er og afgreitt er um kerfi póst- og símamálastjórnarinnar, fyrir tilstuðlan stöðvar leyfishafa, eru á ábyrgð hans og greiðist innan 10 daga frá framvísun reiknings.
 9. Hafi áfallin gjöld, vegna þessarar þjónustu, ekki verið greidd á tilsettum tíma, er póst- og símamálastjórninni heimilt að innsigla viðkomandi stöð. Um borð í skipum skal þetta þó gert þannig, að nota megi stöðina í neyðartilfalli. Enn fremur er póst- og símamálastjórninni heimilt að innheimta þessi gjöld með símareikningum hlutaðeigandi leyfishafa, að viðlagðri lokun símans.
 10. Nú hefur stöð verið innsigluð vegna vanskila eða annarra brota. Skal þá leyfishafi greiða innsiglið gjald, áður en enduroppun fer fram. Ferðakostnað, vegna innsíglunar, ber leyfishafi.
 11. Framangreindar reglur eiga ekki við um starfrækslu „amatör“-stöðva. Um þá starfsemi er fjallað í sérstakri reglugerð.
 12. Gjöld fyrir leyfisbréf, eftirlit o. fl., eru sem hér segir á ári:

a. Leyfisbréf, samanlögð sendiorka yfir 100 wött	kr. 400.00
b. Leyfisbréf, samanlögð sendiorka 100 wött og minni	— 200.00
c. Leyfisbréf, önnur radiótæki en sendar	— 60.00
d. Eftirlitsgjald árlega, orka aðalsendis yfir 100 wött	— 800.00
e. Eftirlitsgjald árlega, orka aðalsendis 100 wött eða minni	— 500.00
f. Eftirlitsgjald árlega, fyrir hvern sendi umfram einn	— 30.00
g. Eftirlitsgjald árlega, fyrir sendi í bifreið, enda sé komið með bifreiðina til eftirlitsmanns. Sama gjald er fyrir ferðastöðvar	— 250.00
h. Innsiglið gjald (ferðakostnaður ekki innifalinn)	— 500.00
i. Lágmarksgjald fyrir enduruppsetningu sendis	— 500.00
 13. Öll gjöld til póst- og símamálastjórnarinnar, vegna starfrækslu radiótækja, sem ekki eru greidd á tilsettum tíma, eru lögtakskræf, samkvæmt 1. gr. laga nr. 29 frá 16. des. 1885.

B. Radiótæki á leigu.

1. Óski einhver að taka á leigu loftsklyttastöð eða talstöð og öllum skilyrðum er fullnægt, leggur póst- og símamálastjórnin til sendi- og viðtæki, af þeirri gerð tækja, sem eru til leigu á hverjum tíma, og umsækjandi óskar eftir. Tækin eru eign póst- og símamálastjórnarinnar, leið starfrækjanda á þeim stað eða í því farartæki, sem ákveðið er í leyfisbréfinu. Póst- og símamálastjórnin annast uppsetningu tækjanna, sem leigutaki greiðir eftir reikningi. Leigutaki skal sjá um, að rafmagn með hæfilegri orku og spennu sé fyrir hendi og leitt að tækjunum, svo og um alla trésmiðavinnu og alla aðra vinnu en rafmagnsuppsetningu tækjanna. Einnig skal leigutaki sjá um kaup á rafhlöðum, rafgeymum og hleðslubúnaði fyrir þá, kosta uppsetningu hans og lögn frá honum að rafgeymum.
2. Póst- og símamálastjórnin annast viðhald og ber kostnað vegna eðlilegs slits sendi- og viðtækja, að undanskildu viðhaldi loftneta, rafgeyma, rafhlaðna, hleðslubúnaða, straumbreyta, lampa og transistora, en kostnað af því ber leigu-

- taki. Leigutaka ber að sjá um, að tækin séu vel með farin, þeim haldið hreinum og þurrum, svo sem frekast er kostur. Kostnað vegna viðgerða og viðhalds tækjanna, er stafar af slæmri meðferð og vanhírðu þeirra, meðan þau eru í vörzlu leigutaka, ber honum að greiða.
3. Óski leigutaki, að viðgerð sé flýtt sérstaklega, ber honum að greiða ferðakostnað og annan aukakostnað, er af því hlýzt. Sömuleiðis ber leigutaki kostnað af því, ef viðgerð er framkvæmd eftir hans ósk, utan venjulegs dagvinnutíma.
 4. Öll radiótæki á leigu frá póst- og símamálastjórninni skulu vera vátryggð, á kostnað leigutaka, gegn hvers konar tjóni og á póst- og símamálastjórnin beinan rétt til vátryggingarfjárins, ef tækin eyðileggjast og hlutfallslega fyrir skemmdir. Póst- og símamálastjórnin annast vátryggingu allra slíkra tækja, nema í varðskipum og farþega- og/eða vöruflutningaskipum, stærri en 500 rúmlestir, enda skal leigutaki sjálfur annast vátryggingu tækjanna í þeim skipum. Vátryggingariðgjöld fyrir tæki- sem póst- og símamálastjórnin annast vátryggingu á, skal leigutaki greiða póst- og símamálastjórninni samtímis með leigu og er lögtaksréttur á þeim eins og á leigunni.
 5. Stofngjald fyrir radiótæki, skal leigutakinn greiða áður en uppsetningu þeirra er lokið, svo og leigu og vátryggingariðgjald, til næsta gjalddaga. Leiga og vátryggingariðgjald fyrir talstöðvar greiðist í einu lagi fyrir fram fyrir hvert almanaksár og reiknast brot úr ári sem heilt ár, nema fyrsta árið, þá skal brot úr ársfjórðungi reiknað sem einn ársfjórðungur. Leiga og vátryggingariðgjald fyrir loftskýtastöðvar greiðist ársfjórðungslega fyrirfram og reiknast brot úr ársfjórðungi sem heill ársfjórðungur. Minnsti leigutími er 2 ár samfleytt fyrir stöðvar 20 watta og minni en 3 ár fyrir stærri stöðvar.
 6. Þó má stytta þennan minnsta leigutíma, ef sérstaklega stendur á, t.d. ef tækin eru ætluð til þjónustu fyrir ákveðið takmarkað verkefni, ferð eða þ. u. l. Nánar er að því vikið síðar. Sömuleiðis má stytta leigutímann, ef nýr eigandi verður að farartækinu eða fyrirtækinu, er rekur stöðina og hinn nýi eigandi óskar að tækin verði þar áfram, með honum sem leigutaka. Hinn nýi leigutaki fær þá helmings afslátt frá venjulegum stofngjöldum og nefnist gjaldið þá viðtökugjald.
 7. Að lágmarks leigutíma liðnum, er uppsagnarfrestur 3 mánuðir og skal uppsögn vega skrifleg. Leigutaki ber ábyrgð á öllum gjöldum vegna stöðvarinnar, þar til uppsagnarfrestur er liðinn.
 8. Sé ársleiga og vátryggingariðgjöld ekki greidd fyrir 1. apríl og ársfjórðungsleiga ekki fyrir 15. hvers fyrsta ársfjórðungsmánaðar, getur póst- og símamálastjórnin:
 - a. Innsiglað senditækin, þó þannig að nota megji tækin í neyð, sé um lögboðin tæki að ræða. Séu áfallin gjöld ekki greidd innan eins mánaðar frá innsiglnun, getur póst- og símamálastjórnin tekið hin leigðu tæki í sína vörzlu.
 - b. Tekið tækin í sína vörzlu, án undangenginnar innsiglnunar, sé um ólögboðin tæki að ræða.

Sama gildir ef reikningar fyrir uppsetningu og viðgerðir á radióbúnaði, sem framkvæmdar eru af póst- og símamálastjórninni, eru ekki greiddir innan loka næsta mánaðar eftir að viðgerð fór fram.

Fyrir enduroppnun innsiglis greiðist innsiglisgjald, og skal sú greiðsla fara fram áður en opnað er. Ferðakostnað vegna opunar innsiglis greiði leigutaki, auk innsiglisgjaldsins. Fyrir að flytja stöð á notkunarstað og endurtengja hana, greiðist raunverulegur kostnaður, þó miðað við lágmarksgjald. Heimilt er að innheimta talstöðva- og loftskýtastöðvagjöld með símareikningum hlutaðeigandi aðila, að við lagðri lokun símans.

9. Nú óskar einstaklingur eða fyrirtæki að leigja og starfrækja firðtalstöð til viðskipta við eigin skip eða báta. Lætur þá póst- og símamálastjórnin, að uppfylltum öllum skilyrðum, í té sendi- og viðtæki og sér um uppsetningu á tækjunum. Leigutaki greiðir uppsetningu samkvæmt kostnaðarreikningi, er hann tekur við stöðinni. Notkunargjald greiðist eftirá mánaðarlega og miðast við dagtaxta, nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi og þess vegna öðruvísi ákveðið. Uppsögn leigu skal vera skrifleg og með hæfilegum fyrirvara.
10. Póst- og símamálastjórnin selur á leigu talstöðvar fyrir smábáta (trillubáta). Er þar ýmist um ársleigu eða mánaðarleigu að ræða. Um uppsögn slíkrar leigu gilda sömu ákvæði og um dagleigu-stöðvarnar. Sömuleiðis hefur póst- og símamálastjórnin til leigu lítil senditæki (walkie-talkie), ætluð til viðskipta um stuttar vegalengdir. Tæki þessi eru leigð án rafhlöðu og er lágmarksleigutími 2 vikur, annars miðað við mánaðarleigu. Leigutími telst frá því, að leigutaki tekur við tækinu, þar til hann skilar því til póst- og símamálastjórnarinnar. Ber að skila tækinu í því ástandi, er það var í er leigutaki tók við því, enda ber hann kostnað af nauðsynlegum lagfæringum. Sömuleiðis ber leigutaka að sjá um vátryggingu tækjanna á sinn kostnað.
11. Póst- og símamálastjórnin gefur út sérstaka gjaldskrá yfir leigukjör radiótækja o. fl. Leigukjör fyrir radiótæki, sem ekki er getið um í þeirri gjaldskrá, ákveður póst- og símamálastjórnin hverju sinni.
12. Póst- og símamálastjórnin getur, undir sérstökum kringumstæðum, leyft starfrækslu firðtalstöðva á afskekktum bæjum og þá til viðskipta við ákveðnar símstöðvar. Í slíkum tilfellum fer um gjöld samkvæmt gjaldskrá um sveitasíma.

Reglur um starfrækslu talstöðva, sem annast viðskipti við bifreiðar eða önnur farartæki á landi.

1. gr.

Stöðvar þessar eru með tvennu móti:

- A. Stöðvar, sem landssíminn starfrækir.
- B. — — leigutaki —

2. gr.

Stöðvarnar eru opnar til takmarkaðra viðskipta á öldutiðnum, sem tilgreindar eru í leyfisbréfi.

3. gr.

Um talstöðvar leigutaka mega ekki fara fram önnur viðskipti en þau, er beinlínis varða atvinnurekstur hans, svo sem:

- a. veðurfréttir og ástand vega,
- b. tilkynningar um komu- og brottfarartíma,
- c. tilkynningar um bilanir eða breytingar á áætlun,
- d. tilkynningar um viðgerðir, áriðandi varahluti eða aðra þjónustu við farstöðvarnar,
- e. tilkynningar varðandi breyttar þarfir farþega og ökumanna, er orsakast af óumflýjanlegum breytingum á áætlun.

Sendendur og viðtakendur skeyta um stöðvar þessar eru eingöngu leigutaki og umboðsmenn hans.

4. gr.

Skeyti og símtöl, sem ekki falla undir 3. gr., skulu afgreidd um stöðvar landsímans og hið almenna símakerfi.

5. gr.

Stöðvarnar skulu starfræktar af talstöðvarvörðum og skulu þeir hafa skirteini gefið út af póst- og símamálastjórninni. Talstöðvarverðir undirrita þagnarheit, en auk þess eru allir þeir, er ábyrgð bera á starfrækslu talstöðva, bundnir slíku þagnarheiti, enda þótt þeir hafi ekki undirritað það.

6. gr.

Skylt er að halda sérstaka radió-dagbók um allt það, er varðar rekstur stöðvanna, svo sem innkomna og útfarna afgreiðslu.

7. gr.

Stöðvum þessum er skylt að sinna neyðarþjónustu og þjónustu vegna öryggis mannlífa, og má ekki í slíku tilfelli loka stöðvunum fyrr en neyðar- eða öryggisþjónustunni er lokið.

8. gr.

Leigutaki ber allan kostnað og alla ábyrgð af starfrækslu stöðvanna.

9. gr.

Gjöld fyrir viðskipti milli bifreiða (og annarra landfarstöðva) og framangreindra stöðva eru innifalin í leigu senditækja bifreiðinna (landfarstöðvanna), séu þau í eigu póst- og símamálastjórnarinnar. Sé sendistöð bifreiðarinnar (landfarstöðvarinnar) eign leyfishafa, greiðir hann viðskiptagjald, sem ákveðið er af póst- og símamálastjórninni hverju sinni.

Gjöld fyrir viðskipti um fjarskiptastöðvar póst- og símamálastjórnarinnar eru einnig innifalin í leigunni, ef þau eru innan sama innanbæjarsímakerfis og viðkomandi fjarskiptastöð, og efnislega samkvæmt 3. gr. þessara reglna.

Gjöld fyrir viðskipti út fyrir þetta innanbæjarsímakerfi greiðist samkvæmt gjaldskrá fyrir langlínuviðskipti.

V. KAFLI

Símtalagjöld.

A. Símtalagjöld innanlands

eru í höfuðatriðum sem hér segir fyrir hver 3 mínútna viðtalsbil. Hvert byrjað viðtalsbil telst sem heilt.

1. Venjuleg símtöl (handvirk afgreiðsla):

Um	0— 10 km	línulengd	kr.	8.00
—	10— 25	—	—	13.00
—	25—100	—	—	19.00
—	100—225	—	—	25.00
—	225—350	—	—	30.00
	Yfir 350	—	—	36.00

Þegar línulengd milli símstöðva er innan 6 km, getur póst- og símamálastjórnin þó, þegar línukerfið leyfir og aðstæður eru hagstæðar, sett sérstaka gjaldskrá með lægra viðtalsgjaldi en að ofan greinir fyrir símtöl milli þessara stöðva, eða látið vissan fjölda viðtalsbila milli stöðvanna vera fölginn í tilteknu fastagjaldi símanotenda.

Ofanefnd símtalagjöld gilda ekki, þegar um sjálfvirka afgreiðslu milli stöðva er að ræða, en þá er í hverju tilfelli ákveðið hvernig reikna skuli greiðslu fyrir millistöðva-símtöl.

2. Hraðsímtöl: þrefalt venjulegt símtalagjald.
3. Forgangshraðsímtöl: tífalt venjulegt símtalagjald.
4. Kvaðning: kr. 4.00 innan 100 km vegalengdar, kr. 8.00 þar yfir. Kvaðningsgjald greiðist hvort sem náðst hefur í umbeðinn mann eða ekki. Kvaðningsgjald reiknast ávallt við símtöl um leiðir, þar sem er sjálfvirkt langlínusamband fyrir.
5. Boðsending: kr. 13.00 fyrir hvern byrjaðan kílómetra út frá símtöðinni. Boðsendingargjaldið greiðist, hvort sem nokkuð verður úr símtalinu eða ekki.
6. Afturköllun símtals: kr. 3.00.

B. Símtalagjöld milli Íslands og annarra landa

fara eftir alþjóðasamþykktum og milliríkjasamningum, og tilkynnir póst- og síma-
málastjórnin þau, eins og þau eru á hverjum tíma.

C. Radió-símtöl við skip og báta í hafi.

Gjald fyrir símtöl um íslenskar strandarstöðvar milli íslenskra skipa og lands,
samanlagt fyrir hvert viðtalsbil:

- a. Landlínugjald kr. 13.00.
 - b. Strandargjald kr. 25.00, ef skipið er ekki meira en 150 sjómíllur frá landi, en annars kr. 50.00.
 - c. Skipsgjald, ef hlutaðeigandi skip tekur gjald fyrir slík símtöl, og getur það verið mismunandi fyrir hvert skip.
- Gjöld fyrir símtöl við, erlend skip fara eftir alþjóðagjaldskrá.

VI. KAFLI

Símskeytagjöld.

A. Gjald fyrir innanlandsskeyti

er sem hér segir:

1. Venjulegt símskeyti: kr. 2.40 fyrir hvert orð. Minnsta gjald kr. 24.00.
 2. Innanbæjarskeyti: kr. 1.40 fyrir hvert orð. Minnsta gjald kr. 14.00.
 3. Blaðaskeyti: 50 aurar fyrir hvert orð. Minnsta gjald kr. 15.00.
 4. Hraðskeyti: Tvöfalt venjulegt skeytagjald. Minnsta gjald kr. 48.00.
 5. Veðurskeyti: Sama og venjulegt skeytagjald. Minnsta gjald einnig hið sama. Veðurskeyti hafa þó forgang fyrir öðrum skeytum.
 6. Símapóstávisanir: Gjald kr. 30.00 án tillits til orðafjölda.
 7. Heillaskeyti: Sama gjald og fyrir venjulegt símskeyti, en auk þess greiðist auka-
gjald fyrir skrauteyðublöð, kr. 14.00 til kr. 20.00 eftir gerð.
- Jóla- og nýárskeyti með ákveðnum textum kosta kr. 30 milli stöðva, en innanbæjar kr. 24.00.
8. Samúðarskeyti: Ekkert gjald til landssímans. Sendanda er í sjálfsvald sett, hve mikið hann greiðir, og rennur upphæðin óskorin til Landspítalasjóðs.
 9. Loftskýti og talskeyti: Gjald fyrir loftskýti og talskeyti um íslenskar strand-
arstöðvar við íslensk skip er samanlagt:
 - a. Venjulegt símkeytagjald innanlands.
 - b. Strandargjald kr. 1.80 fyrir orðið. (Strandargjald við erlend skip er 0.60 gullfrankar).
 - c. Skipsgjald. Engin önnur íslensk skip en farþegaskip taka skipsgjald, sem getur verið mismunandi fyrir hvert skip. Erend skip taka yfirleitt 10 til 40 gullcentimes skipsgjald fyrir orðið.

Fyrir loftskýti er lágmarksgjald eins og fyrir 7 orða skýti.

10. Móttaka símskeyta í talsíma frá talsímanotanda kostar kr. 5.00 fyrir hver 100 orð eða færri, þó nær þetta ákvæði ekki til einkasíma í sveitum.
11. Afturköllun á símskeyti kostar kr. 3.00 ef ekki er farið að senda það frá afhendingarstöðinni.
12. Sendiferðir með símskeyti: Símskeyti eru borin út endurgjaldslaust allt að einum kílómetra frá símsstöð. Í bæjum og kaupúnum er útburðarsvæðið þó miðað við samfellda byggð. Ef senda þarf með skeyti út fyrir útburðarsvæðið, skal greiða 13 krónur fyrir hvern kílómetra. Þetta gildir um fjarlægð, er nemur allt að 10 kílómetrum og undir venjulegum kringumstæðum. Þegar vegalengdin er meiri, skal greiða gjald, sem ákveðið er eftir fyrirspurn í hvert skipti.
Þótt ekki sé greitt fyrir sendiferð með símskeyti, sem afhenda skal utan útburðarsvæðis, ber símsstöðinni að greiða fyrir því, að símskeytið komist til viðtakanda svo fljótt sem unnt er, t. d. með því að sæta tækifærisherðum eða næstu pósthferð eða láta vita af því í síma eða á einhvern annan tiltækan hátt.
13. Fyrirfram greitt svar (RP): Ef sendandi óskar að greiða gjald fyrir svarskeyti, skal skrifa RP fyrir framan nafnkveðjuna og tiltaka jafnframt orðafjölda svarskeytisins. RP10 þýðir, að svar sé greitt fyrir 10 orða skeyti.
14. Margar nafnkveðjur (TM): Afritunargjald fyrir hverja utanáskrift fram yfir þá fyrstu, er kr. 8.00 fyrir hver 50 textaorð eða færri, en kr. 3.00 fyrir hver 50 orð eða færri þar fram yfir. Fleiri en eina nafnkveðju er aðeins hægt að nota til einnar og sömu símastöðvar.
15. Samanburður til tryggingar gegn missímun (TC): Aukagjald er helmingur venjulegs símskeytagjalds.
16. Viðtökuskírteini simleiðis (PC): Gjaldið er sama og fyrir 7 orða símskeyti í viðskiptum við útlönd og 10 orða símskeyti í innanlandsviðskiptum. Fyrir viðtökuskírteini, sem sendast á í pósti (PCP) er gjaldið sama og pósthurðargjald undir einfalt bréf.

B. Símskeytagjöld til útlanda

ákveðast af alþjóðasamþykktum og milliríkjasamningum, og tilkynnir póst- og síma-málastjórnin þau eins og þau eru á hverjum tíma.

VII. KAFLI

Afnot landssímalína til skákkeppni gegn niðursettu gjaldi.

1. Fyrir afnot landssímalína til skákkeppni greiðist $\frac{1}{4}$ venjulegs símtalagjalds á tímabilinu frá 1. október til 30. apríl kl. 21.00—08.00. Lágmarksgjald miðast þó við þriggja stunda notkun á línunum. Hver byrjuð klukkustund telst sem heil.
Á öllum öðrum tímum en þeim, sem að framan getur, reiknast fullt gjald, samkvæmt símtalagjaldskrá landssímans (sbr. V. kafla).
2. Umsóknir um afnot landssímalína til skákkeppni gegn niðursettu gjaldi skulu koma frá Skáksambandi Íslands og sendar skriflega til ritsímastjórans í Reykjavík með minnst sólarhrings fyrirvara. Óskir um niðurstett símagjöld til skákkeppni frá öðrum en Skáksambandi Íslands verða eigi teknar til greina.

VIII. KAFLI

Önnur tæki og línur.

A. Fjarritvélar.

I. Stofngjald.

- | | |
|--|---------------|
| a. Fyrir hverja venjulega fjarritvél án línu | kr. 12 000.00 |
| b. Tengigjald við telexstöð | — 5 000.00 |
| c. Bæjarlína | — 2 000.00 |

II. Afnotagjald á ársfjórðungi:

- a. Fyrir hverja venjulega fjarritvél (viðhald innifalið án kostnaðar við utanbæjarferðir, án pappírs og leturborða) kr. 4 000.00
 b. Tengigjald við telexstöð — 2 000.00
 c. Línuleiga samkvæmt VIII. Kafla B.

III. Gjald fyrir flutning á venjulegri fjarritvél — 2 500.00

Framangreind stofngjöld og afnotagjöld eru miðuð við venjulegustu gerð blaðfjarritvéla. Í afnotagjöldunum er fólgin vátrygging tækjanna. Hverri fjarritvél fylgja við uppsetningu 4 rúllur af pappír, en upp frá því kostar notandi pappírinn.

Stofngjald og afnotagjöld fyrir aðrar tegundir fjarritvéla eða aukabúnað eru ákveðin í hvert skipti.

Stofngjald greiðist fyrirfram, áður en uppsetning er hafin, og afnotagjöld ber að greiða ársfjórðungslega fyrirfram, og eru gjalddagar hinir sömu og fyrir afnotagjald fyrir síma. Hluti úr mánuði telst sem heill mánuður við fyrsta reikning.

Stytztí leigutími er eitt ár. Uppsagnarfrestur er 6 mánuðir og er hann gagnkvæmur.

Fyrir línur til fjarritvéla greiðast gjöld samkvæmt kafla B hér á eftir. Fyrir flutninga greiðist sama gjald og fyrir talfæri.

B. Línur.

Séu línur látnar á leigu, skal stofngjaldið ákveðið í hvert skipti, en ársfjórðungsleiga á hvern km vera þessi (minnsta gjald miðað við 100 m).

1. Fyrir 1 línu í innanbæjarjarðsíma 0.6—0.7 mm kr. 300.00 pr. km
 2. — 1 línu í langlínujarðsíma 0.9 mm — 400.00 — —
 3. — 1 línu í langlínujarðsíma 1.4—1.7 mm — 450.00 — —
 4. — loftlínu, sem strengd er á stauraröð, sem fyrir er ... — 450.00 — —

Skemmstur leigutími sé ákveðinn með samningum í hvert skipti, en uppsagnarfrestur sé 6 mánuðir, og er hann gagnkvæmur.

IX. KAFLI**Skrásetning símnefna.**

Fyrir skrásetningu símnefna greiðist kr. 300.00 á ári. Sé sama símnefni skrásett á fleiri en 10 símsköðvum, greiðist þó aðeins kr. 60.00 fyrir hverja skrásetningu þar fram yfir. Gjaldið greiðist fyrirfram fyrir almanaksárið. Brot úr ári telst sem heill ár. Uppsagnarfrestur er 3 mánuðir, og er hann gagnkvæmur.

X. KAFLI**Skrásetning í símaskrána.**

Hver talsímanotandi fær nafn sitt skráð ókeypis í einni línu í stafrófsskránni.

Gjald fyrir hverja línu í stafrófsskránni fram yfir það, sem að ofan segir, er kr. 65.00. Sé auk aðalsímanotanda einn eða fleiri aukanotendur að sama síma, ber að greiða kr. 140.00 fyrir hvern aukanotanda. Aukasímanotendur geta ekki öðlazi aðalsímanotendarétt (t. d. rétt til að fá símann fluttan eða skráðan eingöngu á sitt nafn) án þess að greiða uppsetningargjald fyrir númerið að nýju eða viðtökugjald, enda hefur landssíminn einn umráðarétt símans. Breytir engu í þessu þó að auka-símanotandi hafi um lengri eða skemrri tíma haft nafn sitt í símaskránni eða greitt afnotagjaldið.

Óski símanotandi að símanúmer hans sé ekki prentað í símaskrá og ekki gefið upp í 03, getur póst- og símamálastjórnin heimilað það, gegn 100.00 króna gjaldi, sem greiðist einu sinni.

Póst- og símamálastjórnin ákveður tilhögun á símaskránni, og hún getur synjað mönnum um upptöku starfsheita, sem hún telur óeðlileg eða vafasamt, að hlutað-eigandi hafi rétt til að bera.

Skrásetning í stafrófsskrána.

1. Breytt letur í skrá, hver lína	kr. 120.00
2. Aukanafn í skrá	— 140.00
3. Aukalínur í skrá, hver lína	— 65.00
4. Aukanafn með breyttu letri (1 lína) kr. 120.00+140.00	— 260.00

Aukalínur eru taldar: Ef t. d. fyrirtæki lætur skrásetja nöfn starfsmanna sinna í skrána undir nafni fyrirtækisins. Sé starfsmaður fyrirtækis ekki aðalsímanotandi og ekki skráður í skránni sem aukasímanotandi annars staðar en undir nafni fyrirtækisins (en ekki undir sínu nafni), skal reiknað fyrir það kr. 140.00 sem aukanafn.

Skrásetning í atvinnuskrána.

A. Ókeypisskrásetning.

Hver símanotandi, sem rekur atvinnu- eða verzlunarfyrirtæki og óskar skriflega eftir skrásetningu í atvinnu- og viðskiptaskrána í samræmi við þá flokkun, er póst- og símamálastjórnin hefur ákveðið, fær ókeypis eina línu til skrásetningar á símanúmeri sínu, ásamt nafni og heimilisfangi, með venjulegu letri í einn flokk skrárinnar. Aukasímanotendur öðlast ekki rétt til ókeypis skráningar.

B. Skrásetning gegn borgun.

Ef símanotandi vill láta skrá sig í fleiri en einn flokk, kostar hver skrásetning fram yfir þá fyrstu kr. 50.00. Ef nafnið óskast skráð með breyttu letri, kostar það kr. 75.00. Auglýsingalína kostar kr. 60.00.

XI. KAFLI

Almennir skilmálar.

1. Sá, sem óskar að fá talsíma eða fá breytt tæki, sambandi eða aukið samband, er hann hefur áður fengið, tilkynni það hlutaðeigandi símstöðvarstjóra, og skal hann þá hlíta þeim kjörum og ákvæðum, sem sett eru eða sett kunna að vera um notkun símanna.
2. Landssíminn kemur venjulega ekki á símasambandi við nokkra húseign, nema húseigandi leyfi endurgjaldslaust að koma fyrir þráðum og öðrum símataekjum á húsi og lóð og ber þeim, er pantar sambandið, að sjá um, að slíkt leyfi húseiganda fái. Landssíminn getur og krafizt, að talsímanotendur setji tryggingu fyrir greiðslu allra gjalda fyrir afnot símans.
3. Póst- og símamálastjórnin ákveður við hvaða símstöð talsímanotandi skuli tengjast og um númer hans og nánara fyrirkomulag, og getur síðar breytt um númer, ef það telst nauðsynlegt. Handvirk langlínusímtöl hafa forgangsrétt fram yfir innanbæjarsímtöl, og getur landssíminn því rofið innanbæjarsímtöl vegna afgreiðslu langlínusímtala, ef þörf krefur.

4. Enginn má gera eða láta gera breytingar á símasamböndum eða flytja síma-
búnað úr stað. Öll slík verk lætur landssíminn framkvæma eftir beiðni, en not-
andi greiði það gjald, sem ákveðið er. Allir nýir símar eða talsímasambönd í
kaupstöðum eða kauptúnum eru eign landssímans, en notendur greiði stofn-
gjald og afnotagjald. Starfsmenn landssímans hafa hvenær sem er aðgang að
öllum símataekjum og símalögnum.
5. Talsímanotendum er skylt að fara vel og gætilega með öll símataeki og lagnir,
er þeir hafa til afnota, og bera þeir ábyrgð á öllum skemmdum á tækjum, er
ekki stafa af eðlilegu sliti svo og ef þau glatast. Brunatrygging venjulegs tal-
færis er fólgin í leigunni.
Stranglega er bannað að setja nokkur tæki eða útbúnað í samband við
tæki landssímans, t. d. talfærasnúror o. þ. h., enda hefur landssíminn að sjálf-
sögðu rétt til að taka allan slíkan útbúnað burtu og láta viðkomandi sæta
sektum eða missi símans, ef ástæða þykir til. Enn fremur er bannað án sérstaks
leyfis frá landssímanum að láta aðra en landssímann annast sóttþreinsun tal-
færa.
6. Ef eitthvað verður að talfærum, ber þegar í stað að tilkynna það símstjóranum,
er sér um, að gallarnir verði lagfærðir svo fljótt sem unnt er. Landssíminn ber
ekki ábyrgð á því, þótt sími slitni eða verði ónothæfur um stund, nema það sé
beinlínis honum að kenna eða óþarfur dráttur verði á viðgerð símans. Má þá
krefjast endurgreiðslu á afnotagjaldinu í hlutfalli við þann tíma, er síminn er
ónothæfur, ef sambandsslitin eru meira en 10 sólarhringar á ári.
7. Póst- og símamálastjórnin tekur ekki á sig neina ábyrgð á afleiðingum þess, ef
mistök kunna að eiga sér stað við afgreiðslu símskeyta eða símtala, hvort sem
þau eru af völdum starfsmanna, línubilana eða annarra orsaka.
8. Enginn talsímanotandi má lána, leigja eða selja öðrum afnot talsímans, nema
með leyfi landssímans. Sé það engu að síður gert, hefur notandi fyrirgert rétti
sínun til símans, og getur landssíminn slitið sambandinu og tekið tækin burtu
fyrirvaralaust, en notandi borgar samt afnotagjaldið til þess tíma, er hann
hefði löglega getað sagt því upp.
9. Ef sími eða annar fjarskiptabúnaður, sem hefur verið tekinn á leigu, hefur
staðið ónotaður í 6 mánuði eða lengur, er póst- og símamálastjórninni heimilt
að taka hann til afnota fyrir aðra, jafnvel þótt leiguhafi vilji greiða áfram af-
notagjald af hinum ónotaða síma eða búnaði. Gildir þetta einnig, þótt póst- og
símamálastjórnin hafi ekki getað afgreitt beiðni um flutning símans á þeim
tíma.
10. Þeir, sem af ásettu ráði eða gálauslega valda skemmdum á símunum eða tækjum
símans, sæta sektum samkvæmt 176. gr. hegningarlaganna, nema verknaðinum
sé þannig farið, að þyngri refsing liggja við samkvæmt lögum.

A. Greiðsluskilmálar.

1. Gjald fyrir símtöl í sambandi við langlínur landssímans greiðist landssímanum
eftir reikningi, og ber talsímanotandi ábyrgð á greiðslunni fyrir hvert slíkt sam-
tal, sem fram fer frá hans talfæri, hvort sem hann hefur sjálfur beðið um sím-
talið eða aðrir. Gjaldið greiðist í fyrsta skipti, er þess er krafizt.
2. Sé eitthvert gjald til símans ekki greitt í síðasta lagi 10 dögum eftir gjalddaga,
má slíta talsímasambandinu við þá síma, er skuldunautur er skráður fyrir, en
skuldunautur er samt skyldur til að greiða gjaldið til þess tíma, er hann hefði
löglega getað sagt upp sambandinu, og er það þá þegar fallið í gjalddaga.
Skuldunautur á því aðeins rétt til að fá aftur talsímasambandið, að hann greiði
hið áfallna gjald innan þriggja daga eftir að sambandinu er slitið, svo og að

viðbættum kr. 50.00 fyrir lokun og enduroppnun. Séu símagjöld eigi greidd á réttum tíma, má taka þau lögtaki samkvæmt 1. gr. laga nr. 29 16. desember 1885.

B. Leigutími.

Engin símataeki verða leigð til skemmri tíma en eins árs, er telst frá byrjun næsta ársfjórðungs eftir að simasambandið er fullgert. Þegar um er að ræða samband fyrir utan kaupstaðarlóð eða samband með sérstöku fyrirkomulagi, getur landssíminn krafizt, að skemmstur leigutími sé lengri.

C. Uppsögn.

Að skemmstum leigutíma liðnum má segja sambandinu upp um mánaðamót með minnst 1 mánaðar fyrirvara, nema þar, sem sérákvæði gilda, og skal uppsögn vera skrifleg.

D. Flutningur.

Ef talsímanotandi þarf að láta flytja símataeki þau, er hann hefur til afnota, skai hann skriflega tilkynna það símastjóranum, sem því næst lætur framkvæma flutninginn svo fljótt sem unnt er, en notandi greiðir hið ákveðna gjald. Gjaldið fyrir flutninginn greiðist fyrirfram.

E. Símaskráin.

Landssíminn leggur hverjum leigusíma til 1 eintak af hverri útgáfu símaskrárinnar. Landssíminn ber ekki ábyrgð á villum, sem kunna að vera í símaskránni.

Gjaldskrá þessi og reglur er sett samkvæmt 12. gr. laga nr. 30 1941 um fjar-skipti og gengur í gildi 1. janúar 1966. Þó reiknast nýju gjöldin fyrir teljaraskref aðeins af símtölum, sem fara fram 1. janúar 1966 eða síðar. Jafnframt fellur þá úr gildi fyrri gjaldskrá og reglur útgefin 17. september. 1963.

Póst- og simamálaráðherra, 13. desember 1965.

Ingólfur Jónsson.

G. Briem.

REGLUR

um kaup tryggingafélaga á íbúðalánabréfum Húsnæðismálastofnunar ríkisins árið 1966.

1. gr.

Kaup á íbúðalánabréfum Húsnæðismálastofnunar ríkisins, sem tryggingafélögum ber að gera vegna tryggingasjóðs líftrygginga samkvæmt 1. málsg. 4. gr. laga nr. 17/1964, skulu gerð ársfjórðungslega eigi síðar en mánuði eftir lok hvers ársfjórðungs. Við ákvörðun aukningar tryggingasjóðs skal stuðzt við aukningu samkvæmt síðasta ársreikningi, en leiðrétting, miðuð við endanlegt ársuppgjör fyrir 1966, gerð í lok 2. ársfjórðungs 1967.